



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 29. október 2013.

Efni: Frumvarp til laga um stimpilgjald (4. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur felur í sér ný lög um stimpilgjald.

Þrátt fyrir að Viðskiptaráð sé almennt mótfallið stimpilgjöldum þá er rétt að fagna frumvarpi þessu enda um heildstæða nálgun á viðfangsefnið að ræða þar sem gangskör er gert í átt að einföldun kerfisins og aukinni skilvirkni.

Þó má nefna að fjórföldum stimpilgjalds á lögaðila vegna eignayfirfærslna er verulega brött hækkun og talsvert umfram það sem gildir í Danmörku, þaðan sem löggjöf okkar er upprunalega fengin skv. upplýsingum undirritaðs. Heppilegt væri ef nefndin myndi rýna nánar þennan þátt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands